

Starfslýsing, framhaldsskólakennari

Starf

Framhaldsskólakennari

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Tilgangur og markmið starfs

Hefur umsjón með og undirbýr kennslu og námsmat í þeim áföngum sem honum er falið að kenna. Fylgist með því að kennsla og námsefni uppfylli kröfur íslenskra laga og reglugerða sem gilda um rekstur framhaldsskóla.

Helstu verkefni

- Kennsla, undirbúningur, faglegt samstarf og mat náms í kennslugreinum sínum samkvæmt markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár
- Gerð námsáætlana og prófa í samstarfi við aðra kennara
- Viðhald faglegrar hæfni sinnar og tengsla við aðrar námsgreinar
- Skráning viðveru nemenda sinna
- Samstarf vegna starfs síns
- Almenn upplýsingagjöf og upplýsingagjöf vegna sjálfsmats skóla og skólanámskrár
- Tiltekinn viðtalstími fyrir nemendur, forráðamenn og vegna upplýsingagjafar
- A.m.k. einn fundur á ári/önn með forráðamönnum ólögráða nemenda

Ábyrgð

Kennari skal vinna verk sín af trúmennsku og í góðu samstarfi við samstarfsfólk. Hann skal leysa störf sín sem framhaldsskólakennari vel af hendi og í samræmi við stefnu skólans, lög og reglugerðir ásamt öðrum reglum sem skólinn setur sér og starfsmönnum sínum.

Menntun, reynsla og hæfni

Uppfylla kröfur um kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Annað

Kennari situr kennarafundi sem boðaðir eru samkvæmt reglugerð um kennarafundi. Auk framangreindra fastra starfa kennara er skólameistara heimilt að semja við þá um sérstakar greiðslur, vilji þeir taka að sér skilgreind þróunarstörf, t.a.m. tengd fjarkennslu, upplýsingatækni, samningu námsefnis eða öðrum faglegum verkefnum.

Starfslýsing, framhaldsskólakennari

Kennara er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er kennara að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr.. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en kennari stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Kennara er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli málsins eða fyrirmælum skólameistara.